

# Aðalfundur Líknarfélagsins

25. september 2010

„Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi“

**Thomas S. Monson forseti**

Í kvöld hafa sálir okkar glaðst og komist nær himni. Við höfum verið blessuð með fagurri tónlist og innblásnum boðskap. Andi Drottins er hér. Ég bið um innblástur hans, nú er ég miðla ykkur hugsunum mínum og tilfinningum.

Ég vil byrja á stuttri frásögn sem varpar ljósi á það sem ég hyggst leggja áherslu á.

Ung hjón, Lísu og Jón, fluttu í nýtt hverfi. Morgun einn, þegar þau voru að snæða morgunverð, varð Lísu litið út um gluggann og sá nágrannakonu sína í næsta húsi hengja út þvottinn.

„Þvotturinn er ekki hreinn!“ hrópaði Lísu. „Nágranni okkar kann ekki að þvo þvott svo hann verði hreinn!“

Jón leit út en sagði ekki neitt.

Í hvert sinn sem nágrannakona hennar hengdi út þvott til þerris, kom Lísu með þessa sömu athugasemd.

Nokkrum vikum síðar varð Lísu hissa þegar henni varð litið út um gluggann, því hún sá hreinan og fallegan þvott blakta í garði nágrannakonunnar. Hún sagði við eiginmann sinn: „Sjáðu Jón, hún hefur loks lært að þvo á réttan hátt! Hvernig ætli henni hafi tekist það.“

Jón svaraði: „Ég get svarað því, mín kæra. Það gleður þig áreiðanlega að vita að ég vaknaði snemma í morgun og þvoði gluggana!“

Í kvöld ætla ég að miðla ykkur nokkrum hugsunum um það hvaða augum við lítum hvert annað. Horfum við út um glugga sem þarf að hreinsa? Fellum við dóma án þess að vera kunnug öllum staðreyndum? Hvað sjáum við þegar við horfum á aðra? Hvaða skoðanir höfum við á þeim?

Frelsarinn sagði: „Dæmið ekki.“<sup>1</sup> Hann sagði einnig: „Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu?“<sup>2</sup> Ég umorða: Hví sér þú það sem þú heldur að sé óhreinn þvottur í garði nágrannans, en hugar ekki að óhreinu gluggunum í húsi þínu?

Ekkert okkar er fullkomið. Ég veit ekki um neinn sem segist vera það. En þrátt fyrir eigin ófullkomleika, er samt rík tilhneiging í okkur að benda á ófullkomleika annarra. Við fellum dóma yfir breytni þeirra eða aðgerðarleysi.

Við fáum í raun engan veginn þekkt ásetning hjartans, eða aðstæður þess sem segir eða gerir eitthvað sem við sjáum ástæðu til að gagnrýna. Þess vegna höfum við boðorðið: „Dæmið ekki.“

Fyrir 47 árum, á aðalráðstefnu, var ég kallaður í Tólfpostulasveitina. Á þeim tíma hafði ég þjónað í einni af aðalkirkjunefndum prestdæmisins, og áður en nafn mitt var kynnt, sat ég við hlið samherja míns í þeirri prestdæmisnefnd, líkt og mér bar að gera. Eiginkona mín hafði þó ekki hugmynd um hvar henni bar að sitja og í raun fann hún ekkert laust sæti í Laufskálanum. Kær vinkona okkar, sem átti sæti í einni aðalnefnd aðildarfélaganna, sat á því svæði sem ætlað var nefndarkonum og bauð systur Monson að sitja við hlið sér. Þessi kona vissi ekkert um köllun mína – sem innan skamms yrði tilkynnt – en hún kom auga á systur Monson, gerði sér grein fyrir vandræðum hennar og bauð henni sæti. Ástkæru eiginkonu minni létti og var þakklát fyrir vinarbragðið. Þegar hún hins vegar hafði tekið sér sæti, heyrði hún eina nefndarkonuna fyrir aftan sig hvísla hátt til hinna nefndarkvennanna sem umhverfis voru og láta óánægju í ljós með að samnefndarkona hennar hefði verið svo ósvífin að bjóða „utanaðkomandi“ að setjast í sæti sem aðeins var ætlað þeim. Óvingjarnleg hegðun hennar var óafsakanleg, sama *hverjum* hefði verið úthlutað að sitja þarna. Ég get þó rétt ímyndað mér hvernig konunni leið þegar hún komst að því að hin „utanaðkomandi“ var eiginkona hins nýja postula.

Mörg hneigjumst við ekki aðeins til að dæma orð og verk annarra, heldur einnig útlit þeirra – klæðnað, hárgreiðslu, stærð og listinn er endalaus.

Dæmigerð frásögn um útlitsdóm birtist í landsþekktu tímariti fyrir mörgum árum. Frásögnin er sönn – og þið kunnið að hafa heyrt hana, en óhætt er að segja hana aftur.

Kona að nafni Mary Bartels átti heima við götu á móti heilsugæslustöð. Fjölskylda hennar átti heima á aðalhæðinni og leigði göngudeildarsjúklingum stöðvarinnar þakherbergi.

Kvöld eitt knúði hræðilega illa útlítandi gamall maður dyra og spurði hvort herbergi væri laust fyrir hann yfir eina nótt. Hann var hokinn og skorpinn og andlit hans skælt og skakkt – rautt og þrútið. Hann sagðist árangurslaust hafa reynt að finna sér herbergi allt frá hádegis. „Ég býst við að andlitið eigi sök á þessu,“ sagði hann. „Ég veit að það er hræðilegt, en lækurinn segir það hugsanlega batna eftir fleiri meðferðir.“ Hann sagðist gera sig ánægðan með að sofa í ruggustólnum á veröndinni. Þegar Mary ræddi við hann varð henni ljóst að í smávöxnum líkama þessa gamla manns bjó stórt hjarta. Þótt öll herbergin væru upptekin, bauð hún honum að bíða í stólnum þar til hún fyndi honum svefnstað.

Þegar að háttatíma leið setti eiginmaður Mary upp bedda fyrir manninn. Þegar hún hugaði að honum morgunin eftir, voru rúmfötin vandlega samanbrotin og hann kominn út á veröndina. Hann afþakkaði morgunverð, en rétt áður en hann fór af stað í strætisvagninn, spurði hann hvort hann mætti koma aftur þegar hann færi í næstu meðferð. „Ég lét þig ekki hafa fyrir mér,“ lofaði hann. „Ég get vel sofið í stól.“ Mary fullvissaði hann um að hann væri velkominn aftur.

Þau ár sem þessi gamli maður, sem var fisksali, fór í meðferð og dvaldi á heimili Mary, kom hann alltaf færandi hendi með fiskmeti eða grænmeti úr garðinum sínum. Stundum sendi hann líka böggla með pósti.

Þegar Mary bárust þessar hugulsömu gjafir, hugsaði hún oft um aðfinnsluorð sem nágranni hennar í næsta húsi hafði látið falla eftir að þessi afmyndaði, hokni gamli maður hafði yfirgefið heimili Mary fyrsta morguninn hans þar. „Hýstir þú þennan hræðilega útlítandi mann í nótt? Ég vísaði honum frá. Svona fólk hræðir í burtu viðskiptavini.“

Mary var ljóst, að þau *gætu* hafa misst viðskiptavini einu sinni eða tvisvar, en hún hugsaði sem svo: „*Ef þeir hefðu aðeins kynnst honum, hefði þeim kannski reynt auðveldara að sætta sig við eigin sjúkdóm.*“

Eftir lát mannsins heimsótti Mary vinkonu sína sem átti gróðurhús. Þegar hún virti fyrir sér blóm vinkonunnar, tók hún eftir fallettum gylltum tryggðarblómum og var forviða að sjá þau þrífast í beyglaðri, gamalli og ryðgaðri fötu. Vinkona hennar sagði: „Mig vantaði pott og þar sem ég vissi að blómin yrðu falleg, taldi ég að ekki skipta máli þótt þau hæfu vöxt sinn í þessari gömlu fötu. Þau verða þar aðeins um hríð eða þar til ég get sett þau út í garð.“

Mary brosti og sá einmitt fyrir sér álíka sjónarspil á himnum. „Hér er ein einkar falleg,“ gæti Guð hafa sagt þegar kom að sál smávaxna gamla mannsins. „Henni er sama þótt hún taki sér bólfestu um hríð í þessum smávaxna og afmyndaða líkama.“ En langt er síðan þetta gerðist og nú gnæfir þessi ljúfa sál yfir aðrar í garði Guðs!<sup>3</sup>

Útlitið getur blekkt og er afar slæmur mælikvarði á fólk. Frelsarinn aðvaraði: „Dæmið ekki eftir útliti.“<sup>4</sup>

Meðlimur einn í kvenfélagi möglaði eitt sinn yfir því að ákveðin kona hefði verið valin til að koma fram fyrir hönd félagsins. Hún hafði aldrei hitt konuna, en séð af henni mynd og ekki líkað útlit hennar, sagði hana vera of feita. Hún sagði: „Af öllum þeim þúsundum kvenna í félaginu, hlýtur að vera hægt að finna betri fulltrúa en hana.“

Satt var að þessi tilnefnda kona var ekki „þvengmjó sem fyrirsæta.“ En þeir sem voru kunnugir henni og eiginleikum hennar sáu meira en aðeins það sem ljósmyndin sýndi. Ljósmyndin *sýndi* að hún hafði vingjarnlegt bros og geislaði af sjálfsöryggi. En það sem *ekki* sást á ljósmyndinni var að hún var hollur og brjóstgóður vinur, greind kona, sem unni Drottni og börnum hans og þjónaði þeim. Myndin sýndi ekki að hún var sjálfboðaliði í samfélaginu og hugulsamur og nærgætinn nágranni. Í stuttu máli þá sýndi ljósmyndin ekki hver hún í raun var.

Ég spyr: Ef viðhorf, verk og andlegir eiginleikar sæjust á *líkamlegri ásýnd*, væri þá ásýnd konunnar sem möglaði fallettri heldur en hinnar sem hún gagnrýndi?

Kæru systur, allar eruð þið einstakar. Þið eruð ólíkar á marga vegu. Margar ykkar eru giftar. Sumar ykkar eru heima með börnunum og aðrar vinna utan heimilisins. Sumar ykkar eiga börn sem farin eru að heiman. Sumar eruð þið giftar en barnlausar. Sumar fráskildar og aðrar ekkjur. Margar eruð þið einhleypar. Sumar ykkar búa að námsgráðu; aðrar ekki. Sumar hafið þið ráð á að kaupa tískufatnað en aðrar geta þakkað fyrir að eiga ein góð spariföt. Slíkar aðgreiningar eru næstum endalausar. Hneigist þið til að dæma hver aðra út frá slíkri aðgreiningu?

Móðir Teresa, sem var kaþólsk nunna og starfaði næstum allt sitt líf meðal fátækra á Indlandi, sagði þennan djúpstæða sannleika: „Ef þú dæmir fólk, gefst ekki tími til að elska það.“ Frelsarinn bauð: „Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður.“<sup>5</sup> Ég spyr: *Getum við elskað hvert annað líkt og frelsarinn hefur boðið, ef við dæmum hvert annað?*<sup>6</sup> Ég svara – með móður Teresu: Nei, það getum við ekki.

Jakob postuli sagði: „Sá sem þykist vera guðrækinn, en hefur ekki taumhald á tungu sinni, blekkir sjálfan sig og guðrækni hans er fánýt“<sup>7</sup>.

Mér hefur alltaf þótt vænt um kjörorð Líknarfélagsins. *Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi*<sup>8</sup>. Hvað er kærleikur? Spámaðurinn Mormón kenndi: „Kærleikurinn er hin hreina ást Krists.“<sup>9</sup> Moróni sagði í kveðjuboðskap sínum til Lamaníta: „Og eigið þér ekki kærleik, getið þér á engan hátt orðið hólpnir í Guðs ríki.“<sup>10</sup>

Ég tel að kærleikur – eða „hin hreina ást Krists“ – sé andstæða gagnrýni og sleggjudóma. Þegar ég tala um kærleika í þessu samhengi á ég ekki við líkn við þjáningum með því að gefa af eignum okkar. Það er auðvitað rétt og nauðsynlegt. Í kvöld hef ég hins vegar í huga þann kærleika sem við sýnum með umburðarlyndi gagnvart öðrum og verkum þeirra; kærleika fyrirgefningar; kærleika þolinmæði.

Ég hef í huga þann kærleika sem knýr okkur til að sýna samúð, hluttekningu og miskunn, ekki aðeins þegar sjúkdómar, erfiðleikar og bágindi kveða dyra, heldur einnig hvað varðar veikleika og yfirsjónar annarra.

Mikil þörf er á að sýna kærleika sem felst í því að veita afskipalausum athygli, vekja kjarklitlum von og þjökuðum liðsinni. Sannur kærleikur er elska í verki. Þörfin á kærleika er hvarvetna.

Þörf er á þeim kærleika sem ekki lætur sér nægja að hlusta aðeins á frásagnir um ógæfu annarra, nema því aðeins að slíkt verði hinum ógæfusama til góðs. Hinn bandaríski fræðimaður og sjórnámálamaður, Horace Mann, sagði eitt sinn: „Mannlegt er að kenna í brjósti um hinn hrjáða, en guðlegt að veita honum líkn.“<sup>11</sup>

Kærleikur er að hafa þolinmæði með þeim sem bregðast okkur. Kærleikur er að sporna gegn því að móðgast auðveldlega. Hann er að setta sig við veikleika og ófullkomleika. Hann er að setta sig við fólk eins og það er í raun. Hann er að horfa framhá líkamlegri ásýnd og á eiginleika sem tönn tímans vinnur ekki á. Hann er að sporna gegn þeirri tilhneigingu að draga aðra í dilka. Það er kærleikur, hin hreina ást Krists, þegar hópur ungra kvenna frá deild einhleypa ferðast hundruð kílómetra til að vera við útför móður Líknarfélagssystur sinnar.

Það er kærleikur þegar trúfastir heimsóknarkennarar fara mánuð eftir mánuð, og ár eftir ár, til sömu áhugalausú og gagnrýnisfullu systurinnar. Hann birtist þegar umhyggja er borin fyrir roskinni ekkju og farið er með hana á athafnir í deild og Líknarfélagi. Hann birtist þegar systur sem situr ein í Líknarfélaginu er boðið: „Kom – sestu hjá okkur.“

Á fjölmarga smáa vegu íklæðist þið allar kyrtli kærleikans. Lífið er engu okkar fullkomið. Við ættum að tileinka okkur hina hreinu ást Krists, fremur en að vera dómhörð og gagnrýnin á samferðamenn á lífsferð okkar. Okkur ætti að skiljast að allir reyna eftir

bestu getu að takast á við áskoranir lífsins og því ættum við að reyna að gera *okkar* besta til að rétta hjálparhönd.

Kærleikurinn hefur verið skilgreindur sem „mesta og göfugasta elskan“<sup>12</sup>; „hin hreina ást Krists ...; og hverjum þeim, sem reynist eiga hann á efsta degi, ... mun vel farnast.“<sup>13</sup>

„Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.“<sup>14</sup> Mega þessi varanlegu kjörorð Líknarfélagsins, þessi eilífi sannleikur, leiða ykkur í öllu sem þið gerið. Megi þau fylla sál ykkar og endurspeglar hugsanir ykkar og verk.

Ég tjái ykkur elsku mína, kæru systur, og bið þess að blessanir himins verði ætíð ykkar. Í nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. Matt 7:1.

2. Matt 7:3.

3. Aðlagað, úr Mary Bartels, Guideposts, júní 1965, 24.

4. Jóh 7:24.

5. Móðir Teresa í R. M. Lala, *A Touch of Greatness: Encounters with the Eminens* (2001).

6. Jóh 15:12.

7. Jakbr 1:26.

8. 1 Kor 13:8.

9. Moró 7:47.

10. Moró 10:21.

11. Horace Mann, *Lectures on Education* (1845), 297.

12. Bible dictionary, *Charity*.

13. Moró 7:47.